

Skólaráðsfundur 28. janúar 2020

Fundinn sátu: Helga Óskarsdóttir, Ásta Hermannsdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Lydia Ósk Jónasdóttir, Markús Máni Gröndal, Íris Helga Aradóttir, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Óskar kynnti niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins í 6. - 10. bekk. Einungis hluti nemenda hefur svarað könnuninni þ.a. niðurstöður gætu átt eftir að breytast eitthvað. Skólapúlsinn sýnir niðurstöður skólans í samanburði við landsmeðaltal.

Foreldrar munu einnig svara könnun á vegum Skólapúlsins í vetur og verður foreldrakönnunin send út í febrúar.

Í tengslum við heilsueflandi samfélag Skagafjarðar hefur Árskóli sótt um að verða heilsueflandi skóli og unnið er að undirbúningi í vetur.

Viðburðir á döfinni eru nýársbingó 10. bekkjar í kvöld og appelsínugulur dagur á morgun. Íþróttadagur skólans verður föstudaginn 14. febrúar.

Næsti fundur skólaráðs er mánudaginn 2. mars.